

- Hvaða samfélagsmiðla notar þú?
- Hvað telur þú vera kosti og galla þess að eiga í samskiptum á samfélagsmiðlum?
- Ertu sammála að samfélagsmiðlar ýta undir neikvæða þróun á sjálfsmynd einstaklinga
- Er áhrifamáttur samskiptamiðla ofmetinn?

Í vissum skilningi má líta á samfélagsmiðla sem fjölmiðla, en þar er hver einstaklingur ritstjóri þess sem birtist á hans heimasvæði. Í þeim skilningi eru samfélagsmiðlar hluti af fjórða valdinu sem er ætlað að veita valdastofnunum þjóðfélagsins aðhald. Það eru ekki nema rúm tíu ár síðan samfélagsmiðlar komust í almenna notkun og nú þegar hafa þeir stuðlað að útbreiðslu upplýsinga sem áður birtust aðeins í hefðbundnum fjölmiðlum. Einnig hafa samfélagsmiðlar verið vettvangur fyrir almennari umræðu fjöldans um þjóðfélagsmál. Guðrún Ósk Guðjónsdóttir orðar þetta svo í BA ritgerð sinni um samfélagsmiðla og samfélagsshreyfingar:

“Upplýsingaflæði samfélagsmiðla hefur gert það erfiðara fyrir ríkisstjórnir og fyrirtæki að fela óhentugar staðreyndir eða stjórna umfjöllun. Nú eru svo margar uppsrettulindir af heimildum með mismunandi upplýsingar og greiningar í boði.”¹

Langflestir nota samfélagsmiðla til að eiga samskipti við vini sína og ættingja. Birtar eru frásagnir og myndir úr daglegu lífi fólks og skilaboðum þannig komið á framfæri um lífsmunstur notenda. Settar eru krækjur í fréttir og greinar úr netfjölmiðlum og skoðanir viðkomandi á þeim reifaðar. Þannig eiga samfélagsmiðlar þátt í að útbreiða upplýsingar um lífsmunstur og skoðanir og setja upp viðmið fyrir þá sem lesa. Má segja að þar með sé verið að draga upp mynd fyrir aðra til að bera sig saman við. Í þessu samhengi er talað um að fólk búi í “bergmálsherbergi”. Á veggjum samfélagsmiðla þeirra birtast upplýsingar um líf samfélagsvina sem lifa svipuðu lífi og þeir sjálfir og hafa svipaðar skoðanir.

Alltítt er að notendur samfélagsmiðla birti fagaðar upplýsingar af raunveruleikanum á vegginn sinn. Með því er átt við að þeir birti upplýsingar um það hvernig þeir vilja að aðrir líti á líf þeirra, frekar en að þeir birti upplýsingar um það hvernig líf þeirra er í raun og veru. Á sama hátt eru myndir birtar af einstaklingum þegar þeir eru vel til hafðir en ekki eins og þeir líta út við daglega iðju sína. Þessi háttsemi skekkir myndina af lífi venjulegs fólks og getur haft neikvæð áhrif á aðra sem finnst þeirra líf ekki vera eins glæst og vinanna á samfélagsmiðlunum. Unglingar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir þessum þjagaða samanburði því sjálfsmynd þeirra er ekki fullmótuð. Sjöfn Ólafsdóttir fjallar um þetta í BA ritgerð sinni um áhrif samfélagsmiðla á mótun sjálfsmyndar hjá unglíngum:

“Þessi stöðugi samanburður og þurfa að halda uppi einhverri ímynd getur reynst unglíngum erfitt. Líkt og í dæmigerðu þunglyndi getur þetta orðið til þess að unglíngar loki sig af, dragi sig í hlé, hafi minni samskipti og því miður leita sumir jafnvel aðstoðar inn á vafasömum síðum, sem hvetja til vímuefnanotkunar,

¹ „Lokaverkefni: ‘Samfélagsshreyfingar sem hófust á samfélagsmiðlum. Hlutverk samfélagsmiðla fyrir myndun og þróun samfélagsshreyfinga’ eftir Guðrún Ósk Guðjónsdóttir 1993 [2016] | Skemman“.

óábyrgs kynlífs eða sjálfsskaða.”²

Stjórnámálamenn hafa í vaxandi mæli farið að nýta sér samfélagsmiðla til að koma skoðunum sínum á framfæri og ná til sem flestra. Þessar færslur þeirra berast oftan en ekki í hefðbundnu fjölmiðlana og má því segja að samfélagsmiðlar séu þannig uppspretta fréttu fyrir þá. Á sama hátt nýta stjórnálahreyfingar, hagsmunasamtök, fyrirtæki og hvers konar baráttuhópar samfélagsmiðlana til að dreifa upplýsingum eða áróðri og skipuleggja starfsemi sína.

Samfélagsmiðlar hafa komið við sögu ýmissa samfélagsshreyfinga og má þar nefna arabíska vorið í Egyptalandi. Þessi hreyfing áttu þó ekki uppruna sinn á samfélagsmiðlunum, heldur voru þeir notaðir til að samræma aðgerðir og því má segja að áhrifamáttur þeirra fyrir þessa hreyfingu hafi verið ofmetinn. Lokaorð Guðrúnar Óskar Guðjónsdóttur í áðurnefndri BA ritgerð taka undir þetta:

“Að lokum er vert að minna á að á bakvið alla samfélagsmiðlana eru einstaklingar, aðgerðasinnar og samtök. Það er fólk á bakvið hverja færslu, fólk sem setur hugmyndir sínar og málefni fram fyrir annað fólk. Samfélagsmiðlar einir og sér eru einskis virði ef ekki væri fyrir fólknið sem notar þá. Þeir eru hjálpartæki, fyrst og fremst, en ekki orsök samfélagsshreyfinga.”³

Hafa verður alltaf í huga þegar samfélagsmiðlar eru notaðir að þó þeir virðist vera gjaldfrjálsir, þá er það ekki alveg rétt. Það gildir um þá eins og flest annað á veraldarvefnum að ef eitthvað virðist vera gjaldfrjálst, þá er notandinn sjálfur söluvaran. Sönnur um það fáum við þegar auglýsingar birtast á veggjum samskiptamiðlanna sem tengjast þeim þjóðfélagshópi sem við tilheyrum, eða jafnvel efnisorðum sem við höfum sett inn á leitarvélur skömmu áður.

Þegar kemur að notkun minni á samfélagsmiðlum, verð ég að taka það fram að ég er fjarnámsstjóri í stórum skóla og vinnan mín mest allan daginn fer jöfnum höndum í þjónustu við nemendur og kennara í netheimum og “kjötheimum”. Í netheimum fer vinnan aðallega fram í tölvupósti, í kennslukerfinu Moodle og á Facebook. Þó tölvupósturinn sé ennþá aðal farvegur samskipta, þá hafa samskipti á Facebook orðið æ meiri hin síðari misseri. Ef ég þarf að ná í einhvern nemanda hratt og örugglega þá er Facebook í dag greiðasta leiðin til þess. Nemendur virðast vera með símana sína opna öllum stundum og þeir taka eftir Facebook skilaboðum um leið og þau berast og svara um hæl. Ég hef útbúið Facebook síðu fyrir starfsemina, eina fyrir kennara og aðra fyrir nemendur og þar kem ég upplýsingum á framfæri við þessa hópa og ekki hvað síst þá veit ég að notendur geta sótt þessar upplýsingar þangað þegar þeir vilja. Það sparar mér marga tölvupóstana að nýta Facebook á þennan hátt.

Ennfremur koma samskiptamiðlar við sögu í náminu sem ég stunda um þessar mundir, en þar notum við námsmeyjar Facebook til samskipta. Við skiptumst á upplýsingum um ýmis hagnýt atriði, hjálpumst að við að leysa vandamál sem tengjast forritum sem við erum að læra á og svo gegnir miðillinn einnig hlutverki hvað varðar félagsleg samskipti í hópnum.

² „Lokaverkefni: ‘Áhrif samfélagsmiðla á mótun sjálfsmyndar hjá unglíngum’ eftir Sjöfn Ólafsdóttir 1991 [2015] | Skemman“.

³ „Lokaverkefni: ‘Samfélagsshreyfingar sem hófust á samfélagsmiðlum. Hlutverk samfélagsmiðla fyrir myndun og þróun samfélagsshreyfinga’ eftir Guðrún Ósk Guðjónsdóttir 1993 [2016] | Skemman“.

Síðast en ekki síst nota ég Facebook til samskipta við eiginmanninn, börnin mín, systkini og þeirra fjölskyldur, frændgarðinn, vini og kunningja. Við nýtum þennan samskiptamiðil til að deilag fréttum og upplýsingum, skipuleggja samkomur og veislur og almennt til að rækta tengslin.

Ég verð að viðurkenna að myndböndin sem ég horfði á í tengslum við þetta verkefni ýttu aðeins við mér. Ég er að verða, eða er jafnvel orðin ofurnotandi netheima og til að takast á við það vandamál er fyrsta skrefið að horfast í augu við það og viðurkenna eins og Kristen Howerton bendir á í fyrirlestri sínum *Social Media- Sucking Time or Saving Lives*⁴. Þar bendir hún á að við verðum að setja okkur mörk varðandi netheima og finna jafnvægi á milli netnotkunar okkar og daglega lífsins sem við lifum með fólkinu í kringum okkur. Lífið okkar er hér og nú og við megum ekki láta netheimana gleypa okkur. Í sama streng tekur Allison Graham í fyrirlestri sínum *How social media makes us unsocial*⁵ og orðar hún þetta þannig að okkur liði örugglega betur ef við höfum hendur til að halda í stað þess að hafa lyklaborð til að skrifa á.

Patrik Wincent gengur svo langt í fyrirlestrinum sínum *What you are missing while being a digital zombie*⁶ að við kippumst við í hvert sinn sem hljóð heyrst í símanum okkar og verðum að kanna hvað þar sé á ferðinni. Hann hefur einsett sér að vera ekki í netheimum eina klukkustund á dag og finnst mér það markmið til eftirbreytni. Hann bendir einnig á að við fáum nægar upplýsingar úr rafræna heiminum, en við verðum að gefa okkur næði til að vinna úr þeim, leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín og sköpunarkraftinum sem býr innra með okkur öllum að flæða fram.

Það virðist liggja í mannlegu eðli að taka upp nýjungar á öfgafullan hátt. Við erum fljót að tileinka okkur nýja tækni og eigum auðvelt með að láta hana lita daglega lífið okkar. Það er okkur holt að staldra aðeins við og endurmeta stöðuna annað slagið og fyrir mig er kominn tími til að afmarka netheima frá daglega lífinu sem fer fram í samskiptum við annað fólk. Því það forkveðna “to be or not to be” er í fullu gildi enn þann daginn í dag.

Heimildaskrá

„How social media makes us unsocial | Allison Graham | TEDxSMU - YouTube“. Sótt 17. febrúar 2017. <https://www.youtube.com/watch?v=d5GecYjy9-Q&feature=youtu.be>.

„Lokaverkefni: ‘Áhrif samfélagsmiðla á mótun sjálfsmyndar hjá unglíngum’ eftir Sjöfn Ólafsdóttir 1991 [2015] | Skemman“. Sótt 17. febrúar 2017. <http://skemman.is/item/view/1946/21156;jsessionid=BFFA510C459BC76C5D3094431F42D086>.

„Lokaverkefni: ‘Samfélagsshreyfingar sem hófust á samfélagsmiðlum. Hlutverk samfélagsmiðla fyrir myndun og þróun samfélagsshreyfinga’ eftir Guðrún Ósk Guðjónsdóttir 1993 [2016] | Skemman“. Sótt 17. febrúar 2017. <http://skemman.is/item/view/1946/24216>.

⁴ „Social Media- Sucking Time or Saving Lives: Kristen Howerton at TEDxChapmanU - YouTube“.

⁵ „How social media makes us unsocial | Allison Graham | TEDxSMU - YouTube“.

⁶ „What you are missing while being a digital zombie | Patrik Wincent | TEDxStockholm - YouTube“.

„Social Media- Sucking Time or Saving Lives: Kristen Howerton at TEDxChapmanU - YouTube“. Sótt 17. febrúar 2017.

<https://www.youtube.com/watch?v=4hFimlczB0s&feature=youtu.be>.

„What you are missing while being a digital zombie | Patrik Wincent | TEDxStockholm - YouTube“. Sótt 17. febrúar 2017.

<https://www.youtube.com/watch?v=TAIxb42FjwE>.

Reykjavík 17. febrúar 2017
Sigurlaug Kristmannsdóttir